# Ársfundur Samáls

30. maí 2024

Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI





## 24. maí 1961

24 síður

# Morgunblaðið

48. árgangur — 114. tbl. — Föstudagur 26. maí 1961

# Mikill áhugi á aluminíum-vinnslu á Íslandi

### Sænsk og svissnesk fyrirtæki leita fyrir sér um slíkan rekstur



## Þung ábyrgð

## Chang neitað um „vísum" til USA

### Kennedy flytur þinginu boðskap:

# Bandaríkjamaður skal til tunglsins fyrir 1970

### Beiðist stóraukinna fjárframlaga til hervarna, aðstoðar við erlend ríki, geimrannsókna o.fl.

## Handritanefnd vantar svör

## Sjö fórust í námuslysi

24. maí 1961

# Mikill áhugi á aluminíum-vinnslu á Íslandi

## Sænsk og svissnesk fyrirtæki leita fyrir sér um slíkan rekstur

MBL. hefur fregnað að svissneskt fyrirtæki hafi þegar sl. haust tekið að leita fyrir sér um möguleika á að reisa hér aluminíumverksmiðju og sænskt fyrirtæki hafi einnig sýnt mjög mikinn áhuga á málinu, er íslenzkir iðnrekendur voru í Svíþjóð í vetur. Bæði þessi fyrirtæki hafa hug á að reisa hér geysistór iðjuver á íslenzkan mælikvarða og kaupa raforku frá stórvirkjunum sem Íslendingar byggðu.

Chang neitað um „vis-um“ til USA



KENNEDY — brýndi fyrir mönnum ábyrgð Bandaríkjanna í baráttunni fyrir frelsi og friði.

Kennedy flytur þinginu boðskap:

# Bandaríkjamaður skal til tunglsins fyrir 1970

24. maí 1961


24 síður

Morgunblaðið

Mikill áhugi á aluminíum-vinnslu á Íslandi

Sænsk og svissnesk fyrirtæki leita fyrir sér um slíkan rekstur

Þung ábyrgð

Chang neitað um „vísum" til USA

Kennedy flytur þinginu boðskap:

Bandaríkjamaður skal til tunglsins fyrir 1970

Beiðist stóraukinna fjárframlaga til hervarna, aðstoðar við erlend ríki, geimrannsókna o.fl.

Handritanefnd vantar svör

Sjö fórust í námuslysi

10. júlí 1969


24 SÍÐUR

Morgunblaðið

FIMMTUDAGUR 10. JÚLÍ 1969

Prentsmiðja Morgunblaðsins

Egyptar viðurkenna Ulbricht

Bardagar enn á landamærum USSR og Kína

— Aðilar ausa hvor annan svívirðingum — Bitbeinið smáeyja í Amurfljóti, sem báðir segjast eiga

Lokaskoðun á Apollo

Rússar sýna Borman vinsemd

Boðar Gromyko nýja stefnu?

Óeirðir og öngþveiti á hinztu ferð Mboya

Líkbíllinn flúði, stríðssöngvar sungnir, galdralæknar stigu dans

Biafrastjórn:

DAGFLUGINU HAFNAÐ

— „Nigeria hefur engan áhuga á hjálparflugi, aðeins þjóðarmorði" segir í yfirlýsingu

10. júlí 1969




Fyrsta framleiðsla álversins í Straumsvík

# Öflug starfsemi sem eflir hagsæld Íslands



# Álframleiðsla hefur aukið lífsgæði á Íslandi verulega

Mikil aukning í efnahagslegum lífskjörum þjóðarinnar síðan álframleiðsla hófst hér á landi

- **Raforkukerfi**
- **Fjárfestingar**
- **Kaup á vörum og þjónustu**
- **Verðmætasköpun**

**Landsframleiðsla á mann**

*Fast verðlag - PPP leiðrétt*



# Skerðingar á afhendingu raforku hafa haft mikil áhrif

Afleiðing viðvarandi aðgerðarleysis um árabil í orkumálum



## Mikið tap vegna skerðinga á raforku

● Aðgerðaleysi í orkumálum er samfélaginu dýrt að mati SI

Ómar Friðriksson
omfr@mbl.is

Talið er að á fyrstu mánuðum þessa árs hafi tapast 14 til 17 milljarða króna útflutningstekjur vegna skerðingar Landsvirkjunar á raforku. Þetta kemur fram í nýrri greiningu Samtaka iðnaðarins sem byggð er á mati stjórnenda fyrirtækja í orkusæknum iðnaði. Þeir telja að á bilinu 14 til 17 milljarða útflutningstekjur þjóðarbúsins hafi tapast á þessum tíma vegna raforkuskerðinganna en slakur vatnsbúskapur leiddi til þess að Landsvirkjun gat ekki framleitt nægilega raforku, eins og fram hefur komið.

Sigurður Hannesson

„Áhrif á útflutningstekjur í ár verða enn meiri ef grípa þarf til skerðinga næsta vetur, eins og útlit er fyrir. Tapaðar útflutningstekjur vegna skerðinganna eru 3,7%-4,5% af útflutningstekjum orkusækins iðnaðar á síðasta ári. Ef miðað er við efri mörk matsins er það tæplega 5% af útflutningi sjávarafurða á síðasta ári og tæplega helmingur þess sem loðnuvertíðin skilaði í fyrra. Einnig samsvarar tapið tæplega 3% af tekjum af erlendum ferðamönnum á síðasta ári,“ segir í greiningu SI.

Í ljós kemur að tapið er mest hjá álverunum. Er það metið á bilinu níu til tíu milljarðar króna en það er um 2,8%-3,2% af útflutningstekjum áliðnaðarins á seinasta ári.

Bent er á að skerðingarnar hafa bein áhrif til lækkunar tekna en einnig óbein vegna áhrifa þeirra á viðskiptasamninga. Þessu til viðbótar fylgi skerðingunum aukinn kostnaður, meðal annars vegna þess að skerðingarnar stytta líftíma fjárfestinga í kerjum. Tapaðar útflutningstekjur gagnavera eru metnar á bilinu þrír til fimm millj-

arðar kr. og tapaðar útflutningst
annars orkusækins iðnaðar eru n
ar tveir milljarðar kr.

Sigurður Hannesson, f
kvæmdastjóri SI, segir þessar
endurspegla vel hvað orkusæ
iðnaður skilar þjóðarbúinu m
Hann segir ekki hægt að skýra þ
stöðu eingöngu með því að vísa
legs vatnsbúskapar. Fleira kon
„Ástæðan fyrir þessu er viðvar
aðgerðaleysi um árabil í orkumá
Þarna sjáum við beinan kostna
það aðgerðaleysi og þar að auki
önnur áhrif eins og t.a.m. á fiskin
verksmiðjurnar sem hafa þur
keyra á olíu og fjarvarmaveitur
hafa þurft að nota olíu. Ég he
Orkubú Vestfjarða hafi brennt
fyrir um hálfan milljarð,“ segir h

„Þetta aðgerðaleysi kostar sa
lagið býsna mikið. Við erum í þ
stöðu að þetta verður væntan
staðan næstu fjögur til fimm ári
svo þar til ný eða meiri orka kemu
á kerfið,“ segir hann.

Nú liggur fyrir að tapaðar útf
ingstekjur vegna raforkuskerði
Landsvirkjunar eru mun meiri en
áætlað var í vetur. Í janúar sl. gerðu
SI sambærilega könnun meðal stjórn-

um Landsvirkjunar, og því þurfa þessi
fyrirtæki enn að bíða eftir raforku,“
segir í umfjöllun SI.

**Tapaðar útflutningstekjur**
vegna raforkuskerðingar Landsvirkjunar í jan. til maí 2024, ma. kr.



## 14 til 17 milljarða kr. tap vegna skerðinga

● Ástæðan viðvarandi aðgerðaleysi í orkumálum að mati SI

Ómar Friðriksson
omfr@mbl.is

Stjórnendur fyrirtækja í orkusæknum iðnaði telja að 14 til 17 milljarða króna útflutningstekjur þjóðarbúsins hafi tapast á fyrstu mánuðum ársins vegna raforkuskerðingar Landsvirkjunar. Þetta kemur fram í nýrri greiningu Samtaka iðnaðarins.

Slakur vatnsbúskapur Landsvirkjunar varð til þess að fyrirtækið gat ekki framleitt næga raforku. Er þetta mun meira tap en áætlað var í janúar sl. þegar útlit var fyrir að þjóðarbúið yrði af átta til tólf milljörðum vegna skerðinga á raforku. Er ástæðan sú að skerðingarnar hafa staðið í lengri tíma og verið víðtækari en áður, en einnig hefur afurðaverð hækkað.

Útflutningstekjur vegna skerðinganna sem nú er talið að hafi tapast eru 3,7% til 4,5% af útflutningstekjum orkusækins iðnaðar í fyrra og ef miðað er við efri mörk matsins svarar tapið til tæplega 5% af öllum útflutningi sjávarafurða á síðasta ári.

„Mest er tapið hjá álverunum en þar er það metið 9-10 [milljarðar kr.]. Það er um 2,8%-3,1% af útflutningstekjum áliðnaðarins á síðastliðnu ári. Skerðingarnar hafa bein áhrif til lækkunar tekna en einnig óbein vegna áhrifa þeirra á viðskiptasamninga,“ segir í greiningu SI. Einnig eru tapaðar útflutningstekjur gagnavera metnar á þrjá til fimm milljarða.

Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, segir ekki hægt að skýra þessa stöðu eingöngu með því að vísa til lélegs vatnsbúskapar. „Ástæðan fyrir þessu er viðvarandi aðgerðaleysi um árabil í orkumálum,“ segir hann. „Þetta aðgerðaleysi kostar samfélagið býsna mikið. Við erum í þeirri stöðu að þetta verður væntanlega staðan næstu fjögur til fimm árin eða svo þar til ný eða meiri orka kemur inn á kerfið,“ segir Sigurður.

Mikið tap vegna skerðinga ... » 4

**Útflutningur áls**
*Janúar – apríl, í mö.kr.*



# Um 4 þúsund manns starfa beint og óbeint fyrir álver á Íslandi

## Ríflega 2 þúsund starfa beint við álverin og afleidd störf eru álíka mörg



### Norðurál

| | |
|---|---|
| Starfandi* | **665** |
| Afleidd störf | **665** |
| Heildarfjöldi | **1.330** |

### ISAL

| | |
|---|---|
| Starfandi* | **540** |
| Afleidd störf | **540** |
| Heildarfjöldi | **1.080** |

### Alcoa-Fjarðarál

| | |
|---|---|
| Starfandi* | **820** |
| Afleidd störf | **820** |
| Heildarfjöldi | **1.640** |

Fjöldi þeirra sem starfa fyrir Alcoa-Fjarðarál með einum eða öðrum hætti samsvarar nærri **20%** íbúa Fjarðabyggðar og Fljótdalshéraðs

**starfsmenn og verktakar á starfsstöð*

Samtök iðnaðarins